

Nd.

240. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl. á þingskj. 35.

Frá læknaSKIPUNARNEFDINNI.

1. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl. og lögum nr. 60, 30. júlí 1909.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. gr. svohljóðandi:

Ísafjarðarlæknishjeraði skal skift i tvö læknishjeruð svo sem hjer segir:

1. Ísafjarðarlæknishjerað, Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi.

2. Hólshjerað: Hólshreppur (ásamt Bolungarvíkurverslunarstað) í Norður-Ísafjarðarsýslu.

3. Þar á eftir komi ný grein svohljóðandi, er verður 4. gr.:

Lög þessi ganga þá fyrst í gildi, að því er snertir hvort hinna nýju læknishjeraða, Hnappdælahjerað og Hólshjerað, er sjerstakur læknir er í það skipaður.